


Nr.: NAA-165	<b>Tækniskólinn</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 29.08.2018	<b>MLSU1MS04CV-Hfj_H18</b>	
Eig: GSP		
Ábm: VMO		
Síða 1 af 2		

<b>Kennarar:</b>	Guðmundur Skúli Þorgeirsson (GSP)		
<b>Skóli:</b>	Véltækniskólinn	<b>Skólastjóri:</b>	Vilbergur Magni Óskarsson

#### Áfangalýsing:

<b>MLSU1MS04CV-Hfj</b>	<b>Málmsuða 3 – pinnasuða, logsuða/-skurður, framhald</b>
<p>Í áfanganum læra nemendur að umgangast gashylki, logsuðu- og logskurðartæki. Þeir læra að fylgja suðulýsingu, logsjóða plötujárn í suðustöðum PA, PC og PF með l-rauf. Nemendur fá þjálfun í að lóða og logskera fríhendis og bregðast rétt við ef hættu ber að höndum. Farið er yfir brunahættu vegna loga og neistaflugs, sprengihættu vegna áhrifa acetylens á eir og áhrifa súrefnis á olíu og feiti og vegna íláta sem innihalda eða hafa innihaldið eldfim efni. Farið er í undirstöðuatriði heilsuverndar, hlífðarfatnað og hlífar. Í áfanganum læra nemendur um helstu suðuáferðir, efni og suðuvíra. Þeir öðlast færni til að meta aðstæður til rafsúðu og lærir hvernig gæta ber fyllsta öryggis við rafsúðu. Nemendur fá þjálfun í að sjóða plötur í öllum suðustöðum með pinnasuðu, samkvæmt staðlinum ÍST EN 287-1 og læra að skrá grunnatriði suðuferlislýsingar. Færni nemenda miðast við kverksúðu og grunnatriði suðuferlis og skulu þeir ná suðugæðum í flokki C samkvæmt ÍST EN 25 817.</p>	

Um markmið, kennslubúnað og kennslufyrirkomulag vísast í námskrá. Um vikudaga og tímasetningu innan hverrar viku vísast til stundatöflu í Innu.


#### Námsmat:

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
Frammistaða	Umhirða tækja og verkfæra, sjálfstæði í vinnubrögðum og ástundun.	10%
Verklegt	4 smíðaverkefni unnin á önninni metin af kennurum. 10% MAG suða allar suðustöður, 20% pinnasuða lóðrétt stígandi, 20% rörasuða logsuða og TIG suða, 20% álsuða MIG og TIG	70%
Verkefnabók	Vinnubók skil á verkefnum tvisvar sinnum á önninni 10% hvert.	20%
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>

Annað

Verkefnin eru unnin í símati og mat á verkþáttum fært í Innu eftir því sem vinnunni vindur fram.

Allir matsþættir eru lagðir fyrir í Innu. Úrlausnum og sundurliðuðum einkunnum verður skilað í Innu á því formi sem best hentar.

Nr.: NAA-165	<h1>Tækniskólinn</h1>	
Útgáfa: 1.0		
Dags: 29.08.2018		
Eig: GSP		
Ábm: VMO		
Síða 2 af 2	<h2>MLSU1MS04CV-Hfj_H18</h2>	

### Áætlun:

Tímabil		Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi matshl. %
Vika	Dags.			
34	19.08.-25.08.	<i>Kennsla hefst 20.08.</i> Magsuða stilling vélar gas o.f.l.		
35	26.08.-01.09.	Magsuða æfingar allar suðustöður.		
36	02.09.-08.09.	Magsuða allar suðustöður verkefni.		
37	09.09.-15.09.	Magsuða allar suðustöður verkefni.	Allar suðustöður	10%
38	16.09.-22.09.	Vinnubók 1. Skoðun og prófun á suðu.	Vinnubók 1	10%
39	23.09.-29.09.	Pinnasuða lóðrétt stígandi í v rauf.		
40	30.09.-06.10.	Pinnasuða lóðrétt stígandi.	Lóðrétt stígandi	10%
41	07.10.-13.10.	<i>Námsmat og endurgjöf</i>		
42	14.10.-20.10.	Pinnasuða allar suðustöður kross.	Allar suðustöður	10%
43	21.10.-27.10.	Rörasuða logsuða. Æfingar.		
44	28.10.-03.11.	Rörasuða logsuða og Tigsuða.		
45	04.11.-10.11.	Rörasuða rör og prófílrör	Rör og prófílrör	20%
46	11.11.-17.11.	Vinnubók 2. Umhverfissvæn tækni og vistferilsgreiningar.	Vinnubók 2	10%
47	18.11.-24.11.	Álsuða Tig æfingar.		
48	25.11.-01.12.	Álsuðuverkefni Mig og Tig	Álsuðuverkefni	20%
49	02.12.-08.12.	Lokafrágangur og <u>umhirða tækja</u>	Frammistaða	10%
50	09.12.-15.12.	<i>Námsmat og endurgjöf</i>		
51	16.12.-22.12.	<i>Námsmat/endurgjöf og birting einkunna mánudaginn 17.12.</i>		

*Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins (eins og á dagatalinu)*

Námsgögn	Upplýsingar um námsgögn er að finna í Innu. Æskilegt er að nemendur séu með fartölvu. Bækur um rafsuðu og logsuðu á staðnum. Ljósrit frá kennara.
Annað, t.d. öryggisbúnaður	Nemendur hafi með sér minnislykil. Hlífðarsl. og rafsuðuvetl. eru á staðnum, nemendur þurfa að vera í vinnufatnaði.